

Alþingi
Erindi nr. P 139/2333
komudagur 9.5.2011
Reykjavík, 6. maí 2011.

KENNASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

**Umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um
Þskj. 1298 — 748. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um
fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (EES-reglur o.fl.).**

Kennarasamband Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við að við undirbúning frumvarpsins var ekki haft samráð við KÍ, sbr. það sem kemur fram í upphafi athugasemda við frumvarpið á bls. 4.

Kennarasamband Íslands hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

3. gr. (13. gr.)

Í niðurlagi fyrsta málsliðar stendur „skal taka mið af þeim viðmiðunarreglum sem þær greiðslur miðuðust við“. Í úthlutunarreglum Sjúkrasjóðs KÍ eru greiðslur sjúkradagpeninga úr sjóðnum föst upphæð á dag og miðast við starfshlutfall en ekki laun umsækjenda. KÍ leggur til að við setninguna verði bætt “eða tekjum viðkomandi áður en þær greiðslur komu til“.

4. gr. (13. gr.a)


Í greininni er skilgreint hvað er fullt starf á mánuði. Fullt starf kennara á grunn-, framhalds- og tónlistarskólastigi er mismunandi þannig að kennarar starfa lengur en 172 vinnuskyldustundir á mánuði á starfstíma skóla, en skemur utan hans. Niðurlag setningarinnar „en þó skal jafnan tekið tillit til fjölda vinnustunda sem samkvæmt kjarasamningi teljast fullt starf“ er veikt þar sem „jafnan“ veikir innihald hennar. KÍ leggur til að orðið „jafnan“ verði fellt út.

14. gr. (33. gr.)

Í síðustu málsgrein kemur fram að foreldri geti eigi notið orlofslauna eða greiðslna vegna starfsloka og greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði samtímis. KÍ gerir ekki efnislegar athugasemdir við þetta, en bendir á að launagreiðendur og Fæðingarorlofssjóður þurfa að gæta þess að launþegar verði ekki fyrir óþægindum í þeim tilfellum sem búið er að greiða orlofslaun og viðkomandi hefur töku fæðingarorlofs samtímis, þar sem starfsmaður hefur sannanlega þegar unnið sér inn þau laun. Það hefur verið hlutverk launagreiðanda að sjá til þess að starfsmaður fái hvorki meira né minna en honum ber miðað við töku fæðingarorlofs og það flækir framkvæmdina ef tveir aðilar ætla að framkvæma það sama.

Virðingarfyllst,

F. h. Kennarasambands Íslands


Björg Bjarnadóttir varaformaður